



Tillaga um stofnun samstarfsvettvangs um klettklifursvæði á Íslandi

Flutningsaðili tillögunar: Stjórn Klifursambands Íslands

Greinargerð:

Lagt er til að stofnaður verður samstarfsvettvangur um klettklifursvæði á Íslandi. Sendur verður póstur á stjórnir þeirra félaga sem hafa aðild að vettvangnum við stofnun og þau beðin um að staðfesta þátttöku á vettvangnum og senda fulltrúa á fyrsta fund vettvangsins.

Tillagan:

Helstu verkefni vettvangsins:

- Skipa umsjónarfélag fyrir klifursvæði landsins. Umsjónarfélagið heldur utanum þróun svæðisins.
- Hægt er að taka fyrir mál til umræðu um einstök klifursvæði. Málinu er síðan vísað til umsjónarfélags svæðisins sem vinnur það frekar og tekur ákvörðun um þróun svæðisins.

Aðilar að vettvangnum:

Klifurfélög, klifurdeildir, Ísalp og önnur félög sem koma að uppbyggingu klifursvæða hérlandis.

Félög sem hafa aðild að vettvangnum við stofnun (stjórnir félaganna staðfesta þátttöku):

- Klifurdeild Bjarkar
- Klifurdeild KFA
- Klifurfélag ÍA
- Klifurfélag Vestfjarða
- Klifurfélag Öræfa
- Klifurfélag Reykjavíkur
- Íslenski Alpaklúbburinn
- 600 Klifur
- Klifurfélag Seyðisfjarðar

Stjórnarfar vettvangsins:

- Hvert félag hefur þrjú atkvæði.

- Hver félag getur sent allt að þrjá fulltrúa á fundi vettvangsins.
- Boða skal til fundar með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal sent með tölvupósti á stjórnir aðildarféлага. Aðildarfélög þurfa að skila inn tillögum sem á að taka fyrir á fundinum í síðasta lagi þremur vikum fyrir fund. Seinna fundarboð skal senda a.m.k. tveimur vikum fyrir fund þar sem fram kemur hvaða tillögur hafa verið lagðar fram fyrir fundinn.
- Aðildarfélög geta sent inn tillögur sem teknar eru fyrir á fundum samstarfsvettvangsins.
- Kosning fer fram til þess að ákveða umsjónarfélag fyrir klifursvæði. Einfaldan meirihluta þarf til þess að tillagan sé samþykkt.
- Þegar kosið er um að skipta um umsjónarfélag þarf $\frac{2}{3}$ atkvæða svo tillagan nái fram að ganga.
- Þegar ný félög eru tekin inn í samstarfsvettvanginn þarf að samþykkja þau með $\frac{2}{3}$ atkvæða.
- Aðildarfélög geta óskað eftir fundi. Það þurfa þrjú félög að standa að tillögunni.

Hlutverk KÍ:

Sambandið boðar til funda vettvangsins að jafnaði tvisvar á ári. Miðað er við að hafa fundi í febrúar/mars og október/nóvember. Klifursamband Íslands hefur einungis það hlutverk að boða fundi vettvangsins og halda utan um fundargerðir og ákvarðanir hans. Klifursambandið tilnefnir aðila til þess að sinna þessu hlutverki á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfundi sambandsins. Aðilinn hefur framsögu- og tillögurétt á fundum vettvangsins en ekki atkvæðisrétt. Fulltrúar útiklifurnefndar hafa sömuleiðis framsögu- og tillögurétt á fundum vettvangsins en ekki atkvæðisrétt.

Samþykkt af stjórn Klifursambands Íslands 8. Október 2025.